

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Jóns biskups Vídalíns, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 29. mars 1927.

Skipulagsskráin er þannig:

**Skipulagsskrá
um Minningarsjóð Jóns biskups Vídalíns.**

1. gr.

Sjóðurinn heitir „Minningarsjóður Jóns biskups Vídalíns“, og var myndaður 1921 með 570,10 kr., og hefir síðan ávaxtast í Aðaldeild Söfnunarsjóðsins, og er í dag orðinn 772,86 kr.

2. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtast áfram á sama stað, þannig, að allir vextir leggist við til ársloka 1964.

3. gr.

Úr því skal aðeins 1/4 vaxta leggjast við sjóðinn, en 3/4 greiðist, árlega 21. mars, og í fyrsta skifti 1966, til stjórnar guðfræðideildar.

4. gr.

Háskóla Íslands, og skal stjórn guðfræðisdeildarinnar þá hafa sett reglur fyrir hvernig vöxtunum skuli verja, svo að best megi sæma minningu biskupsins.

Reykjavík, 7. mars 1927.

Björn Þorláksson.